



Nefndasvið Alþingis,
Alsherjarnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík 27. apríl 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Landhelgisgæslu Íslands (LHG), mál 694.

Vélstjórafélag Íslands (VSFÍ) hefur eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið: Í 10. gr. gildandi laga nr. 25/1967 um LHG er m.a. kveðið á um kjör þeirra starfsmanna LHG sem starfa á skipum gæslunnar. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

Laun og kjör þeirra starfsmanna, sem vinna að staðaldri við störf á sjó eða í lofti, skulu vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga, eftir því sem við á, eða eftir sérstökum samningum stéttarfélaga við stjórn Landhelgisgæslunnar.

Í frumvarpinu er aftur á móti hvergi minnst á hvernig ákvarða skuli kjör áhafna varðskipanna. Að mati VSFÍ er það óviðunandi þar sem þessir starfsmenn hafa ekki verkfallsrétt og því geta þeir með engu móti ráðið til lykta hugsanlegum deilum sínum um kaup og kjör við LHG. Því verður annaðhvort að tengja kjör áhafnanna öðrum hliðstæðum kjarasamningum eða að fela lögskipuðum kjaradómi að ákvarða þau. Verði ekki fallist á aðrahvora nefnda leið krefst VSFÍ þess að viðkomandi aðilar fái verkfallsrétt líkt og aðrir launþegar þessa lands.

Í 12. gr. gildandi laga nr. 25/1967 um LHG kemur eftirfarandi fram um björgunarlaun:

[Nú fær skip eða loftfar Landhelgisgæslunnar laun fyrir björgun verðmæta og fer þá um ráðstöfun björgunarlauna eftir ákvæðum laga, þó svo að hlutur áhafnar skiptist að rétttri tiltölu miðað við föst mánaðarlaun hvers og eins. Hlutur Landhelgisgæslunnar af björgunarlaunum rennur í Landhelgisgjóð.]¹⁾

Í 13. gr. frumvarpsins kemur aftur á móti eftirfarandi fram um björgunarlaunin:

Landhelgisgæsla Íslands og starfsmenn hennar eiga rétt á björgunarlaunum samkvæmt siglingalögum og loftferðalögum.

Verði 13. gr. frumvarpsins að lögum óbreytt er verið að auka hlut skipherranna af björgunarlaununum á kostnað annarra í áhöfninni samanber 2. mgr. 170. gr. c. siglingalaga nr. 34 frá 1985:

Nú hefur skip sem er skrásett á Íslandi bjargað einhverju á ferð og skal þá fyrst af björgunarlaununum bæta það tjón sem varð á því skipi, farmi þess eða á öðrum fjármunum sem á skipinu voru, ásamt útgjöldum vegna eldsneytis og launa skipstjóra og skipshafnar sem af björgunarstarfinu leiddi. Af óskiptum björgunarlaunum skal einnig greiða þóknun skv. 3. mgr. [Því sem þá er eftir af björgunarlaununum skal skipt þannig að þrjú fimmtu hlutar falli til útgerðarinnar en tveir fimmtu hlutar til áhafnarinnar. Hlutur áhafnar skal skipt á þann veg að skipstjóri fái einn þriðja hluta en hin eiginlega skipshöfn tvo þriðju hluta. Milli skipshafnar skal skipt að rétttri tiltölu miðað við föst laun hvers og eins eða hlutaskiptareglur, eftir því sem við á.

Vélstjórafélag Íslands leggst alfarið gegn þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu á skiptingu björgunarlauna þar sem hún raskar verulega umsömdum kjörum vélstjóra hjá LHG sem hefði þá þurft að taka tillit til við gerð síðasta kjarasamnings milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og VSFÍ.

Fagmenn til sjós og lands!

Til viðbótar er engin leið að átta sig á hvaða rök búa að baki nefndri breytingu. Til fróðleiks fara hér á eftir ákvæði færeyskra kjarasamninga um skiptingu björgunarlauna á færeyskum varðskipum sem eru þau sömu og gildandi lög um LHG kveða á um. Skipstjórar og/eða stýrimenn:

§ 5. BJARGING

Skiparar og stýrimenn taka ekki lut í bjargingarløn, tó eiga teir samsýning, tá talan er um bjarging av útlenskum skipum.

Stk. 2. Fyri bjarging/sleip av útlenskum skipum verður latin manningunum 20% av endurgjaldinum í samsýning, sum verður býtt millum menninar í mun til fœstu lœnir teirra.

Stk. 3. Fyri arbeiði í samband við sleip/bjarging av "deyðum" skipum uttan fyri havn verður goldið skipara/stýrimonnum samsýning, sum er 1/4160 av samlaðu árslœnini á viðkomandi lœnarstigi í avvarðandi lœnarflokki + 30% um tíman yrkadagar og 1/4160 + 40% sunnu- og halgidagar.

Nevnda samsýning verður bæði goldin teimum sum hava vakt og teimum, sum áttu at verið á frívakt. "Deyð skip" eru skip, haðani manningin er rýmd, ella sum av aðrari orsök ekki hava manning umborð.

Stk. 4. Fyri kaving verður goldið kavarum og hjálparmonnum samsýning sambært teimum góðkendu gjöldum fyri kaving.

Vélstjórar:

§ 6. BJARGING

Maskinmeistarar/motorpassarar taka ekki lut í bjargingarløn. Tó kann veitast teimum samsýning, tá talan er um bjarging av útlenskum skipum.


Stk. 2. Fyri bjarging/sleip av útlenskum skipum verður latin manningunum 20% av endurgjaldinum í samsýning, sum verður býtt millum menninar í mun til fœstu lœn teirra.

Stk. 3. Fyri arbeiði í samband við sleip/bjarging av "deyðum" skipum uttan fyri havn verður goldið maskinmeistara/motorpassara samsýning, sum er 1/4160 av samlaðu árslœnini á viðkomandi lœnarstigi í avvarðandi lœnarflokki + 30% um tíman yrkadagar og 1/4160 + 40% sunnu- og halgidagar.

Nevnda samsýning verður bæði goldin teimum sum hava vakt og teimum, sum áttu at verið í frívakt. "Deyð skip" eru skip, haðani manningin er rýmd, ella sum av aðrari orsök ekki hava manning umborð.

Stk. 4. Fyri kaving verður goldið kavarum og hjálparmonnum samsýning sambært teimum góðkendu gjöldum fyri kaving.

Eins og hér er rakið leggst VSFÍ alfarið gegn þeim breytingum á gildagði lögum um LHG, nr. 25/1967, sem hér hafa verið tíundaðar þar sem engin sýnileg rök búa þar að baki. Til viðbótar er hvergi að finna í frumvarpinu rökstuddar ástæður þeirra. Að öðru leyti hefur VSFÍ ekki fram að færa athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins.

Virðingafryllst,
f.h. Vérltjórafrags Íslands,


Helgi Laxdal, formaður